



## Stjórnarfundur 1 þriðjudaginn 27. september 2016 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson, Kristín Harpa Hálfðánardóttir, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Einar Ólafsson og Steinn Einarsson.

Afboð og mættu ekki: Sigurbjörn Árni Arngrímsson.

### Dagskrá

- Verkaskipting stjórnar BLÍ
- Skipan í nefndir
- Iðkendagjald – útfærsla
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Verkaskipting stjórnar

- Stefán Jóhannesson, varaformaður
- Kristín Harpa Hálfðánardóttir, ritari
- Árni Jón Eggertsson, gjaldkeri
- Hrafnhildur Theódórsdóttir, meðstjórnandi

#### Skipan í nefndir

- Yngriflokkanefnd – Guðrún Kristín Einarsdóttir, formaður. Með henni í nefnd eru fulltrúa félaganna.
  - Rætt var um nefndina og þær athugasemdir sem hafa borist vegna t.d. almennra atriða. Er Krakkablað heppilegur leikur? Ákveðið að Jason fái fund með nefndinni til að fara yfir þessi almennu atriði leiksins.
- Dómaranefnd – Leifur Harðarson, formaður. Í nefndinni eru Sævar og Jón Ólafur
- Mótanefnd – Sigurbjörn Árni Arngrímsson, formaður. Í nefndinni eru Steinn, Una og Hlöðver.
- Aganefnd – Hreggviður Norðdahl, formaður. Í nefndinni eru Jón Gunnar Sveinsson og Þorvaldur Sigurðsson.
- Strandblaknefnd – Rögnvaldur og Jói.
- Landsliðsnefnd – Stefán Jóhannesson, formaður. Nefndin er vel mönnuð.
- Framkvæmdanefnd fyrir EM Smáþjóða – Grétar Eggertsson, formaður, Árni Jón Eggertsson, Heiða Ingvadóttir og Auður Jónsdóttir. Guðmundur Helgi kemur að einhverju leyti inn í starfið. Jason verður innan handar ásamt framkvæmdastjóra BLÍ.
- Aðrar nefndir s.s. eins og fræðslunefnd þarf að koma af stað. Því miður eru fræðslumálin í lamasessi og þarf að koma upp námsáætlun fyrir blakþjálfara.
- Rætt var um afreksstefnu BLÍ. Sú vinna er alltaf í gangi.

#### Iðkendagjald - útfærsla

- Rukkað inn skv. skilum félaganna eins og fram kom á þinginu þann 15. október 2016. Það er ljóst að Felix er eina tækið sem hægt er að fara eftir. Frá og með næsta hausti verður farið eftir Felix.
- Upphæðir 1000 kr. 1. nóv og 2000 kr. 1. mars. Eftir nafnalista frá forsvarsmönnum.

#### Önnur mál

- Talað örlítið um dagsetningar fyrir EM Smáþjóða. Allt í hnút þar sem 16.-18. júní er ferðamannatímabil í hámarki.
- Jason á leið á þing FIVB í Argentínu í október.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 18.15

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð